

Utkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Bráðabirgðalög, er nema úr gildi bráðabirgðalög fyrir Ísland 29. apríl 1898, er banna dönskum þegnum líðveizlu til handa ríkjum, er í ófriði eiga, undirskrifuð af konungi 24. maí 1899. (A. nr. 5, bls. 46—47).

Konungsbrjef um setning alþingis, undirskrifað af konungi 17. maí 1899. (A. nr. 7, bls. 48—49).

Boðskapur konungs til alþingis, undirskrifaður af konungi s. d. (A. nr. 7, bls. 50—51).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans, undirskrifað af konungi s. d. (A. nr. 8, bls. 52—53).

Reglugjörð handa læknaskólanum í Reykjavík, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 26. júní 1899 (A. nr. 9, bls. 54—61).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 9. júlí 1899. (A. nr. 10, bls. 62—63).

Auglýsing um pest í Alexandríu, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 26. júlí 1899. (A. 11, bls. 64—65).

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bygging nýrrar kirkju á Hesteyri. — Samkvæmt beiðni safnaðarins í Staðarprestakalli í Aðalvík, samþykki hlutaðeigandi hjeradsfundar og tillögum yðar, herra biskup, í brjefi yðar 13. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að í nefndu prestakalli verði byggð kirkja á Hesteyri, sem hafi sameiginlega sókn og sjóð við kirkjuna á Stað í Aðalvík. 85
17. júlí

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar.

S k ý r s l a

86

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—26. júní 1899.

Ár 1899, 23. dag júním. var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Júlíus Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum, Guðlaugi Guðmundssyni, sýslumanni á Kirkjubæjarklaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti síra Valdimar Briem á Stóranúpi (úr Árnessýslu), Jóni Gunnarssyni verzlunarstjóra í Keflavík (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og prófasti síra Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1898; var hann falinn amtsráðsmönnum úr Rangárvallasýslu og Árnessýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1898, sem var framlagður, var falinn amtsráðsmanninum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þjóðjarðalandseta í Suðuramtinu fyrir 1898, sem ennfremur var framlagður, var falinn amtsráðsmanninum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.

28. dag ágústm. 1899.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.